



Grafík- sýningin að Kjarvals- stöðum

AÐ KJARVALSSTÖÐUM stendur nú yfir yfirlitssýning á íslenskri grafíklist. Þar er 161 verk eftir 41 listamann. Elztu myndirnar á sýningunni eru tvær tréristur, sem Guðmundur Thorsteinsson (Muggur) gerði árið 1915, en þeir listamenn, sem flestar myndir eiga þar eru Jón Engilberts, Barbara Arnason og Bragi Asgeirsson, en þau höfðu lengi vel þá sérstöðu hérlendis að stunda grafík í ríkum mæli.

Mjög margir listamenn hafa eitthvað fengist við grafík, þótt í mörgum tilvikum yrði aldrei um annað að ræða en tilrauna-starfsemi, þannig að fáar grafíkmyndir liggja eftir þá. Telja má, að þetta hafi einkum stafað af því, að almenningur sýndi



Sjálfsmynd Braga Asgeirssonar, — trérista frá árinu 1952.



Hvaðan kemur hann — hvert fer hann? Litógraffía Arthúrs Olafssonar frá 1969.



Konur. Ein af tréstungum Barböru Arnason.



grafík lengi vel lítinn áhuga, aðstöðuleysi, og því, að fáir öfluðu sér sérþekkingar á þessu sviði. Nú hefur þetta breytt mjög mikið á fáum árum, og er skemmst að minnast grafík-sýningar, sem haldin var í Norræna húsinu í fyrri. Aðsókn að þeirri sýningu fór langt fram úr því, sem aðstandendur hennar höfðu gert sér í hugalund fyrirfram, og sala á myndum sömuleiðis. Grafíkmyndir hafa þá sérstöðu, að af þeim er gert fleira en eitt eintak, þannig að almenningur á hægara með að eignast slík listaverk en myndir, sem aðeins eru til í einu eintaki. Lengi vel mun það sjónarmið hafa verið ríkjandi, að grafíkin væri nokkurs konar prentverk, og því ekki eftirsóknarverð til eignar, en þetta hefur breytt á undanföllum árum.

Í skrá sýningarinnar að Kjarvalsstöðum er saga íslenskrar grafíklistar rakin í stórum dráttum. Þar er fyrst talið, að sunnudagsútgáfa Alþýðublaðsins hafi byrjað birtingu á grafíkmyndum á forsiðu árið 1934 og haldið því áfram reglulega um tveggja ára skeið. Um þátt blaða í kynningu á grafíklist segir enn fremur í sýningar-skránni, að Þjóðviljinn hafi byrjað slíkar kynningar árið 1975, en þess er ekki getið, að innlend og erlend grafík hefur jafnhliða annarri myndlist skipað verðugan sess í Lesbók Morgunblaðsins um margra ára skeið. Félagið Íslensk grafík var stofnað árið 1954, og voru stofnendur þeir Jón Engilberts, Jón Þorleifsson, Jóhannes Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson, Veturliði Gunnarsson, Benedikt Gunnarsson og Hafsteinn Guðmundsson. Keypti félagið litógraffipressu þá, sem mjög hefur komið við sögu grafíklistarinnar hér á landi allar götur síðan og er enn notuð við kennslu í Myndlistar- og handíðaskóla Íslands.


Starfsemi félagsins lá að mestu leyti niðri um margra ára skeið en árið 1969 endurreisti Einar Hákonarson félagið. Gegndi hann formennsku um þriggja ára skeið, en stjórnina skipa nú Jón Reykdal, sem er formaður, Þórður Hall og Richard Valtingojer Jóhannsson. Skipa þeir sýningarnefnd ásamt Ólafi Kvaran.

Í viðtali við Jón Reykdal kom m.a. fram, að enda þótt viðhorf manna galnvalt grafík hafi breytt verulega á undanföllum árum, þá eru enn margir sem setja grafíkmyndir skör lægra en t.d. olíumyndir: „Þegar við vorum að víða að okkur myndum á sýninguna urðum við vör við þetta viðhorf hjá fólki, sem við vissum að átti myndir eftir ákveðna listamenn, og það taldi grafíkmyndirnar hálfgerðar eftirprentanir, sem er náttúrulega hinn mesti misskilningur.“


Jón kvað áberandi hve áhugi ungs fólks á grafíklist væri meiri en hjá þeim, sem eldri eru. „Þessi aldursflokkskipting kemur líka fram í félaginu, því að meðalaldur þar er um 30 ár. Þetta fólk hefur langflest



Mömmuleikur. Æting frá 1976 eftir Valgerði Bergsdóttur.



Serígraffía frá 1973. Erró.



Ummyndun. Sérígraffía Þórðar Hall, gerð á þessu ári.

stundað nám í Myndlistar- og handíðaskólanum, en hefur svo stundað framhaldsnám erlendis. Við eigum við þau vandkvæði að etja, að aðstaða til vinnslu á grafíkmyndum er ekki fyrir hendi, því að verkstæði Myndlistar- og handíðaskólans er ekki lengur opið öðrum en nemendum skólans. Við höfum þarna ágæta aðstöðu til

skamms tíma, en nú leggja svo margir nemendur stund á grafík að það er ekki lengur rúm fyrir aðra. Félagið hefur mikinn hug á að bæta úr þessu ástandi og verður reynt að koma upp grafíkverkstæði á vegum þess sem allra fyrst. Við eigum grafíkpressu, sem skólinn er reyndar með í láni, en þegar við höfum fengið hús-

Rætt við Jón Reykdal, Braga Ásgeirsson og Einar Hákonarson

næði og tæki til viðbótar ræðst bót á þessu aðstöðuleysi, sem háir okkur verulega um þessar mundir.“

„Til að hrinda þessu verkefni í framkvæmd skortir félagið fjármuni, en við gerum okkur vonir um að hafa nokkurn ágóða af þessari sýningu. Til að hjálpa frekar upp á sakirnar erum við að athuga möguleika á því að gefa út sérstakar möppur með verkum félagsmanna og er ætlunin að hafa 5 — 6 myndir í hverri möppu. Við getum ekki lagt út í slíka útgáfu nema hafa nokkra hugmynd um undirtektir, og því höfum við lagt fram lista hér á sýningunni, þar sem áhugafólk getur ritað nöfn sín, án þess þó að um skuldbindingu sé að ræða. Þá erum við með happdrætti, og ef einhver ágóði verður af öllu þessu rennur hann óskiptur til grafíkverkstæðisins. Það er rétt að taka fram, að verkstæðið er ekki hugsað sem neitt einkaverkstæði fyrir félagsmenn, heldur verkstæði fyrir alla þá, sem vilja vinna við grafík,“ sagði Jón Reykdal að lokum

— 0 —

Við spjölluum um sýninguna við Braga Ásgeirsson og sagði hann m.a.:

„Sýningin er fróðleg úttekt á íslenskri grafíklist, en hún hefði þurft meiri undirbúning, því að ýmislegt vantar inn í til þess að heildarmynd fái nokkurn veginn. Þrátt fyrir þennan annmarka tel ég sýninguna mikið afrek og þeim, sem að henni standa til mikils sóma.“

Um þróun grafíklistar hér á landi sagði Bragi:

„Þegar ég kom heim frá grafíknámi í Kaupmannahöfn árið 1956 höfðu aðrir myndlistarmenn en Barbara og Jón Engilberts aðeins stundað grafík í hjáverkum. Þegar ég kom hins vegar heim fékk Lúdvík Guðmundsson mig til að kenna grafík í Handíðaskólanum, eins og hann hét þá. Við kennsluna notaði ég mjög frumstæða litógraffipressu, sem Halldór Pétursson var svo velviljaður að lána skólanum.“

Þetta var í fyrsta skipti, sem samfelld kennsla í grafík fór fram hér á landi, en nokkrum árum áður hafði Þýzkur maður, Hans-Alexander Müller haldið stutt grafíknámskeiði í skólanum. Eg varð mjög hissa á því hve áhugi á grafík varð mikill hjá nemendum strax í upphafi. Aðsókn var svo mikil, að kennsla fór fram í sjálfboðavinnu eftir skólatíma. Við upphaf næsta skólaárs á eftir var ég staðráðinn í að halda ekki áfram grafíkkennslunni þrátt fyrir þrábeiðni Lúdvíks, og það var ekki fyrr en nemendurnir sjálfir lögðu fast að mér að halda þessu áfram, að ég lét til leiðast.

Ég fór svo til München árið 1958 og var þar í tvö ár. Þar vann ég jöfnum höndum að litógraffu, málmgrafík og málningu.

Meðan ég var í burtu kenndi ensk kona grafík í Handíðaskólanum annað árið og Steinþór Sigurðsson hitt, en við heimkomuna tók ég við þar sem ég hætti. Á þessum árum var